



Lúxemborg, 13. september 2017

FRÉTTATILKYNNING 09/2017

Dómur í máli E-15/16 Yara International ASA gegn norska ríkinu

ÁSKILJA MÁ AÐ FJÁRFRAMLÖG MILLI FÉLAGA INNAN SAMSTÆÐU GETI AÐEINS FARIÐ FRAM Í SKATTALEGU TILLITI EF FÉLÖGIN ERU BÆÐI SKATTSKYLD Í SAMA EES-RÍKINU

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningu frá áfrýjunardómstól Borgarting (*Borgarting lagmannsrett*) í máli varðandi túlkun á 31. og 34. gr. EES-samningsins.

Félagið Yara International ASA („Yara“) er stofnað, skrásett og með skattalega heimilisfesti í Noregi. Félagið er móðurfélag innan samstæðu félaga í Noregi og öðrum ríkjum. Árið 2007 eignaðist Yara samstæðan félagið UAB Lietuva („UAB“) gegnum Yara Suomi Oy, sem er finnskt dótturfyrirtæki Yara og í fullri eigu félagsins. UAB var með skattalega heimilisfesti í Litháen.

Þann 31. desember 2009 átti UAB yfirfæranlegt skattalegt tap að fjárhæð u.þ.b. 177 milljónir norskra króna. Þann 14. desember 2009 keypti Yara allt hlutafé í UAB frá Yara Suomi Oy. Yara varð með þeirri ráðstöfun beinn eigandi að dótturfyrirtæki sínu UAB. Þann 16. desember 2009 gerðu Yara og UAB með sér samkomulag um það að Yara skyldi inna af hendi fjárframlag til UAB að fjárhæð 16 milljónir evra (sem samsvaraði á þeim tíma 132.758.144 norskum krónum) fyrir tekjuárið 2009. Umrætt fjárframlag var greitt með reiðufé þann 10. janúar 2010. Þann 29. janúar 2010 var tekin ákvörðun um að slíta UAB og var félagið afskráð úr þarlandri félagaskrá þann 12. apríl 2012.

Yara hafði uppi kröfur um skattfrádrátt vegna umrædds framlags til UAB. Norsk yfirvöld höfðu þeim kröfum með vísan til ákvæða 10-2 til 10-4 norsku skattalöggjafarinnar. Umrædd ákvæði laganna heimila ekki að fjárframlög milli félaga innan samstæðu geti leitt til skattfrádráttar hjá félagi er hefur skattalega heimilisfesti í Noregi ef dótturfélag sem fær fjármagnið er ekki jafnframt skattskyld í Noregi.

Óskað var eftir áliti EFTA-dómstólsins á því hvort fyrrgreind ákvæði, sem lúta að því að bæði veitandi og móttakandi fjármagns innan samstæðu félaga þurfi að vera skattskyldir í Noregi, samrýmist 31. og 34. gr. EES-samningsins, eða hvort skýra skuli EES löggjöf með þeim hætti að ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, beri að veita undanþágu frá reglunum.

EFTA-dómstóllinn taldi að þótt umrædd ákvæði fælu í sér takmörkun á stofnsetningarréttinum samkvæmt 31. gr. EES-samningsins, þá gætu reglurnar verið réttlætanager á grundvelli þeirra undantekningarreglna sem mælt er fyrir um í 33. gr. EES-samningsins eða á grundvelli almannahagsmuna, að því skilyrði uppfylltu að reglurnar væru til þess fallnar að ná því markmiði sem að væri stefnt og gengju ekki lengra en þyrfti til að ná markmiðinu.

Aðilar málsins deildu um nauðsyn norsku löggjafarinnar. Dómstóllinn taldi að það væri landsdómstólsins að meta hvort um væri að ræða endanlegt tap í fyrirbyggjandi máli. Slíkt væri háð tveimur skilyrðum: að dótturfélagið sem væri með skattalega heimilisfesti í öðru ríki hefði leitað allra leiða til þess að nýta skattalegt tap á viðkomandi reikningsskilatímabili í því ríki, og að ómögulegt væri fyrir dótturfélagið að nýta tapið síðar. Jafnframt benti dómstóllinn á nauðsyn þess að við umrætt mat

væri hliðsjón höfð af meginreglunni um bann við misnotkun réttar. Tryggja yrði að sýndargerningar gætu ekki notið góðs af reglunni um endanlegt tap.

Dómstóllinn áleit að 31. og 34. gr. EES-samningsins kæmu ekki í veg fyrir beitingu landsreglna um fjárframlög innan samstæðu félaga, svo sem mælt væri fyrir um í norsku skattalöggjöfnni. Slíkar landsreglur þyrftu þó að þjóna lögmætu markmiði, svo sem til þess að gæta jafnvægis í skattlagningarrétti milli EES-ríkja eða til þess að koma í veg fyrir sýndargerninga sem leiddu til skattasniðgöngu. Á hinn bóginn teldust skilyrði landsréttar ganga lengra en nauðsyn krefði til þess að ná markmiðum sínum ef um endanlegt tap erlends dótturfélags væri að ræða.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.